

Allsherjarnefnd Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. nóvember 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum, þskj. 108 – 102. mál.

Óskað hefur verið eftir því að landskjörstjórn veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis þar sem lagt er til að tekið verði upp nýtt kerfi persónukjörs í alþingiskosningum. Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á fundi landskjörstjórnar 17. nóvember síðast liðinn og vill nefndin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Landskjörstjórn tekur ekki afstöðu til þess hvort auka eigi áhrif kjósenda á úthlutun þingsæta til frambjóðenda eða hvaða leiðir eru ákjósanlegar til þess. Hún hefur hins vegar farið yfir frumvarpið með tilliti til kosningatæknilegra atriða og gerir engar athugasemdir.

Landskjörstjórn vill þó árétta þá ábendingu, sem hún lét í ljós í bréfi 20. ágúst síðast liðinn út af hliðstæðu frumvarpi um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, að samhliða þeim breytingum sem frumvarpið boðar sé reglum breytt þannig að tryggt sé að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefjist ekki fyrr en búið er að tilkynna hverjir eru í framboði. Að mati landskjörstjórnar er óeðlilegt að ráðast í breytingar á kosningalögum, sem færir kjósendum aukið vald til að ráða því hvaða fulltrúar viðkomandi lista nái kjöri, en halda á sama tíma í það sérstæða fyrirkomulag að kjósendur geti greitt atkvæði utan kjörfundar án þess að vita hvaða stjórnmálasamtök bjóði fram og hverjir skipi lista þeirra.

F.h. landskjörstjórnar


Ástráður Haraldsson

formaður.